


# AKUREYRARFLUGVÖLLUR

## SKIPULAGSREGLUR

24.MARS 2011



# Skipulagsreglur fyrir Akureyrarflugvöll

## Greinargerð og skilmálar

### I. Greinargerð

#### *Almennt*

Samkvæmt 59. gr. loftferðalaga nr. 60 frá 1998 m.s.br. er innanríkisráðherra heimilt að setja skipulagsreglur fyrir flugvelli sem ætlaðir eru til almennrar notkunar. Slíkar skipulagsreglur skulu m.a. geyma fyrirmæli um:

1. Skipulag innan flugvallarsvæðis.
2. Starfsheimildir og starfsemi þeirra aðila sem starfa innan flugvallarins og umferð innan svæðisins.
3. Fyrirmæli um það svæði utan flugvallar þar sem rétt er að setja takmörkun á hæð mannvirkja og annarra hluta, t.d. húsa, stanga og trjáa, eða takmörkun á meðferð fasteigna eða hluta, t.d. að því er varðar leiðslur eða atvinnurekstur, enda séu slíkar kvaðir eða fyrirmæli nauðsynleg í þágu almenns öryggis.

Innanríkisráðherra hefur nú ákveðið að setja slíkar skipulagsreglur fyrir Akureyrarflugvöll en áður hafa slíkar reglur verið settar fyrir Reykjavíkurflygvöll. Reglurnar samanstanda af greinargerð þessari og skilmálum og fjórum uppdráttum:

- I. Starfsemi.
- II. Yfirlitsuppdráttur skilgreindra hindranasvæða.
- III. Uppdráttur á nærsvæði flugvallar.
- IV. Takmarkanir á notkun sýnilegra lasergeisla.

#### *Tilgangur og markmið*

Tilgangur og markmið skipulagsreglnanna er:

- að marka skýra og gagnsæja stefnu um leyfða starfsemi innan flugvallarins,
- að tryggja flugöryggi vallarins með því að binda í skipulag hæðartakmarkanir og reglur um notkun sýnilegra lasergeisla sem nauðsynlegar eru vegna öryggis flugvallarstarfseminnar,
- að einfalda umfjöllun og ákvarðanatöku um starfsemi innan vallarins og hæðir húsa innan og í nágrenni flugvallarins.

Með reglunum er verið að setja nánari reglur um starfsemi innan flugvallarins en gert er í deiliskipulagi. Þá er verið að festa í sessi með skipulagi hindranafleti vallarins, þ.e. takmarkanir á hæðum húsa á tilteknum svæðum, sem unnið hefur verið eftir hingað til. Eru hindranafletir þessir byggðir á skilgreiningum alþjóðlegra skuldbindinga (t.d. Chicago samningurinn), lögum um loftferðir nr. 60 frá 1998 og reglugerð um flugvelli nr. 464 frá 2007. Jafnframt að setja reglur um notkun ljósgjafa s.s. laserljósa, á og við flugvöllinn til að tryggja flugöryggi.

### *Málsmeðferð*

Samkvæmt ákvæðum laganna ber að kynna uppkast að skipulagsreglum á hentugum stað og auglýsa kynninguna í Lögbirtingarblaðinu. Í slíkri auglýsingu skal skorað á fasteignareigendur og aðra hagsmunaaðila að gera athugasemdir við tillöguna innan frests sem ekki má vera skemmri en 4 vikur. Að liðnum fresti til að gera athugasemdir verða þær athugasemdir sem fram hafa komið teknar til ítarlegrar athugunar af hálfu Flugmálastjórnar að fenginni umsögn rekstraraðila flugvallarins um þær. Að loknum breytingum á reglunum í kjölfar athugasemda, reynist nauðsynlegt að gera breytingar vegna þeirra, skal gefa þeim sem í hlut eiga færi á því að kynna sér breytingar áður en gengið er frá skipulaginu til fullnaðar. Gildistaka reglnanna skal auglýst í Lögbirtingarblaðinu.

Fara skal með breytingar á skipulagsreglum fyrir Akureyrarflugvöll á sama hátt í samræmi við 66. gr. laga um loftferðir nr. 60 frá 1998.

### *Afmörkun svæðis sem reglurnar ná til*

Svæðið sem skipulagsreglurnar taka til skiptist í raun í tvennt. Annars vegar er um að ræða svæðið innan deiliskipulagssvæðis flugvallarins eins og nánar er gerð grein fyrir á uppdrætti þessum um starfsemi (uppdráttur nr. I). Innan þess svæðis gilda reglur skipulagsins um starfsemi og hindranafletir/hæðartakmarkanir sbr. uppdráttur III og reglur um notkun sýnilegra lasergeisla, sbr. uppdráttur IV.

Í öðru lagi taka reglurnar til svæðis í nágrenni flugvallarins sbr. uppdrætti II og III en á þeim svæðum eru hindranafletir/hæðartakmarkanir vallarins sýndar. Hindranafletirnir takmarka hámarkshæðir bygginga og mannvirkja í samræmi við skilgreiningu hindranaflatanna. Það athugast að uppdráttur III. sýnir ekki allt það svæði sem hindranafletirnir taka til en reglurnar gilda engu að síður sbr. skilgreiningar hindranaflatanna en einfalt er að reikna þá lengra en uppdrátturinn sýnir.

Svæði þar sem reglur um takmarkanir gilda um notkun sýnilegra lasergeisla tekur í raun til beggja svæðanna og er sýnt á uppdrætti IV.

### *Skipulagsforsendur*

Við gerð reglnanna hefur verið tekið mið af gildandi Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 og gildandi deiliskipulagi flugvallarins, að teknu tilliti til breytinga, og núverandi mannvirkja á vellinum.

## **II. Skilmálar**

### **A. Starfsemi:**

Öll starfsemi sem ekki tengist flugi eða rekstri flugvallarins með beinum hætti er bönnuð innan skipulagssvæðisins eins og það er afmarkað á uppdrætti I.

Á uppdrætti I. er gerð grein fyrir starfsemi á flugvallarsvæðinu, annars vegar þeirra svæða þar sem standa byggingar og hins vegar þar sem ekki eru byggingar. Er svæðunum skipt upp í reiti eftir því hvaða starfsemi er heimil innan hvers reits.

Óheimilt er stunda eða reka aðra starfsemi innan hvers reits en þá sem samræmist starfsemi í viðkomandi flokki sem skilgreindir eru í skilmálum þessum undir flokkunum „Svæði án bygginga“ og „Svæði með byggingum/mannvirkjum. Er flugvallarstjóra Akureyrarflugvallar, fyrir hönd rekstraraðila flugvallarins, heimilt að veita tímabundna undanþágu frá þessu, enda sé um að ræða starfsemi sem tengist flugrekstri eða rekstri flugvallarins, og sérstakar ástæður sem mæla með undanþágunni.

Eigendum og notendum húsa og svæða innan flugvallargirðingar er skylt, áður en starfsemi hefst, að sækja um leyfi fyrir þeirri starfsemi sem þeir hyggjast reka til flugvallarstjóra Akureyrarflugvallar fyrir hönd rekstraraðila flugvallarins. Skal hann sannreyna hvort fyrirhuguð starfsemi samræmist leyfðri starfsemi á viðkomandi svæði samkvæmt reglum þessum, öðrum skipulagsáætlunum og lögum, reglum og leyfum sem um starfsemi flugvallarins gilda. Þeir aðilar sem eru með rekstur innan flugvallarsvæðisins í dag, skulu hafa sótt um leyfi fyrir henni innan sex mánaða frá gildistöku þessara reglna. Reglur þessar hafa ekki áhrif á skyldu manna til að sækja um byggingarleyfi fyrir breytingum á húsnæði eða notkun þess til byggingaryfirvalda skv. ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

### **B. Ýmis ákvæði:**

Við umferð og notkun flughlaða og annarra svæða innan vallarins skal taka tillit til annarra notenda og umferðar. Flugvallarstjóra er heimilt að setja sérstakar reglur um notkun, stöðu og frágang loftfara og annarra tækja á flughlöðum. Notendum er skylt að hlýða fyrirmælum flugvallarstjóra, um notkun, stöðu og frágang loftfara og annarra tækja og búnaðar á flughlöðum og öðrum svæðum enda sé öryggi ekki stefnt í hættu.

Flugvallarstjóra er heimilt, á kostnað eiganda, að fjarlægja loftför, tæki og búnað sem trufla starfsemi flugvallarins eða skapar hættu. Sé það mögulegt skal eiganda eða umráðamanni áður gefinn kostur á að fjarlægja loftfarið, tækið eða hlutinn.

Um aðgang, akstur og umferð um flugvöllinn gilda að öðru leyti reglur, útgefnar af Flugmálastjórn Íslands.

Reynist það nauðsynlegt skal flugvallarstjóri, fyrir hönd rekstraraðila flugvallarins, á grundvelli laga nr. 102 frá 2006 sbr. 9. gr. laganna, framfylgja og bregðast við brotum á reglum þessum og vísa málum til réttbærra yfirvalda í samræmi við reglur

þessar og heimildir skv. VII. og XIII. kafla um loftferðir nr. 60 frá 1998, einkum 61. gr. og 136. gr. (Flugmálastjórn Íslands eða lögreglu).

### **Svæði án bygginga:**

**Fluglað:** Svæði ætlað fyrir loftför við hleðslu eða afhleðslu farþega, pósts eða farms, áfyllingu eldsneytis, stöðu eða viðhald. Óheimilt er að reisa nokkur mannvirki innan þessara svæða nema með leyfi flugvallarstjóra fyrir hönd rekstraraðila flugvallarins.

**Flugbrautir og akbrautir loftfara ásamt öryggissvæði:** Svæði á jörðu sem ætluð eru fyrir flugtök og landingar loftfara og ferðir þeirra á jörðu í sambandi við flugtök og landingar. Óheimilt er að reisa nokkur mannvirki innan þessara svæða nema með leyfi flugvallarstjóra fyrir hönd rekstraraðila flugvallarins.

**Opin svæði:** Svæði á jörðu þar sem ekki er gert ráð fyrir byggingum eða mannvirkjum öðrum en flugleiðsögubúnaði.

**Æfingasvæði slökkviliðs:** svæði fyrir slökkvi- og björgunaræfingar slökkviliðs.

### **Svæði með byggingum/mannvirkjum :**

**Opinber flugstarfsemi:** Flugstarfsemi og önnur starfsemi á vegum íslenska ríkisins og / eða rekstraraðila flugvallarins.

**Innanlands áætlunarflug :** Flutningaflug innanlands sem stendur almenningi til boða gegn gjaldi, önnur en flugskólar og leiguflug, ásamt byggingum fyrir slíka starfsemi.

**Innanlands leiguflug:** Óreglubundið flutningaflug og verkflug innanlands sem stendur almenningi til boða gegn gjaldi, annað en áætlunarflug og flugskólar, ásamt byggingum fyrir slíka starfsemi.

**Flutningaflug í millilandaflugi:** Flugstarfsemi sem felst í flugi til og frá öðrum löndum og stendur almenningi til boða gegn gjaldi, þ.e. áætlunarflug og leiguflug, ásamt byggingum fyrir slíka starfsemi

**Þjónusta við flugstarfsemi:** Þjónustustarfsemi við flugstarfsemi s.s. hlaðþjónusta, viðgerðarþjónusta, smíði flugvéla og eldsneytisþjónusta, ásamt byggingum fyrir slíka starfsemi.

**Almannflug - einkaflug:** Flugstarfsemi sem fyrst og fremst er stunduð ánægjunnar vegna eða til að afla frekari réttinda og ekkert endurgjald er tekið fyrir, ásamt tilheyrandi byggingum fyrir slíka starfsemi. Það telst jafnframt einkaflug ef maður flýgur í tengslum við starf sitt og hefur ekki hagnað af rekstri loftfarsins né fær sérstaklega greitt fyrir að stjórna því. Þar sem gert er ráð fyrir slíkri starfsemi er einnig heimilt að geyma vélar sem notaðar eru í atvinnuskyni og reka þjónustu við flugvélar

s.s. viðhald, smíði og rekstur en ekki er heimilt að afgreiða farþega á slíkum svæðum, reka hlaðþjónustu eða veitingaþjónustu nema annar flokkur heimili það. Heimilt er að geyma þyrlur á þessum svæðum með leyfi flugvallarstjóra.

**Almannaflug - flugskólar:** Flugstarfsemi sem felst í kennslu til þeirra sem afla vilja sér flugstjórnarréttinda, ásamt tilheyrandi byggingum fyrir slíka starfsemi.

**Almannaflug - millilanda:** Flugstarfsemi sem felst í flugi milli landa á eigin vélum eða vélum aðila sem sérhæfa sig í slíku flugi og flutningur loftfara á milli landa ásamt byggingum fyrir slíka starfsemi. Afgreiðsla farþega í slíku flugi ásamt tilheyrandi þjónustu við þá skal fara fram í flugstöð (L).

**Þyrluflug:** Flugstarfsemi, með þyrlu hvort sem um er að ræða almannaflug eða flutningaflug, ásamt tilheyrandi byggingum fyrir slíka starfsemi. Flugtök og landingar ekki heimilaðar nema á flugbrautum, gildir þó ekki um opinbera flugstarfsemi

**Eldsneytisbirgðastöð:** Svæði fyrir eldsneytisbirgðastöð. Óheimilt er að geyma eldsneyti annarstaðar á vellinum nema í litlum mæli og með leyfi rekstraraðila flugvallarins.

**Flugstöð:** Húsnæði til móttöku og afgreiðslu farþega við komur og brottfarir í áætlunar- og leigu- og millilanda almannaflugi ásamt tilheyrandi þjónustu og starfsemi.

**Flugsafn:** Húsnæði til reksturs flugsafns til varðveislu og sýninga á munum sem tengjast flugi á Íslandi, sögu þess og þróun og flugstarfsemi sem tengist rekstri safnsins

**Slökkvistöð:** Húsnæði ætlað fyrir sameiginlega slökkvistöð fyrir slökkvilið flugvallarins og slökkvilið Akureyrar.

### **C. Svæði með hæðartakmörkunum (hindranafletir):**

Á uppdráttum II. og III. er gerð grein fyrir hindranafötum flugvallarins sem fela í sér hæðartakmarkanir á hverskonar mannvirkjum eða gróðri innan og í nágrenni við flugvallarsvæðið og á áhrifasvæði flugvallarins. Með áhrifasvæði flugvallar og nágrenni flugvallar er átt við svæði undir hindranafötum. Byggja hindranafletirnir þessir og skilgreiningar þeirra á alþjóðlegum skuldbindingum (Chicago samningnum), lögum um loftferðir nr. 60 frá 1998 og reglugerð um flugvelli nr. 464 frá 2007.

Óheimilt er að reisa hvers konar mannvirki, tímabundið eða varanlega, upp fyrir hindranafleti flugvallarins sem gerð er grein fyrir á uppdráttum II. og III. nema að fengnu samþykki Flugmálastjórnar Íslands að undangenginni umsögn rekstraraðila flugvallarins.

Erindum um slíkar undanþágur skal beina til rekstraraðila flugvallarins sem sendir erindið til endanlegrar afgreiðslu Flugmálastjórnar með umsögn sinni. Leita skal slíks samþykkis við gerð deiliskipulags. Skal deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir slíkum frávikum sent til umsagnar áður en tillagan er auglýst. Sé um einstaka byggingarleyfisumsókn að ræða, á svæði þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag, skulu aðaluppdrættir sendir til umsagnar þegar byggingarleyfisumsókn hefur verið lögð inn til byggingarfulltrúa. Rekstraraðili flugvallar getur óskað eftir sérstöku áhættumati vegna slíkra undanþágubeiðna á kostnað umsækjanda.

Ef um tímabundna hindrun er að ræða er rekstraraðila flugvallarins heimilt að afgreiða málið án aðkomu flugmálastjórnar. Flugmálastjórn skal þó ávallt tilkynnt um slíkar afgreiðslur. Hafni rekstraraðili flugvallar umsókn um tímabundna hindrun getur umsóknaraðili skotið slíkri afgreiðslu til ákvörðunar Flugmálastjórnar.

Þar sem land stendur nú þegar upp úr láréttum- og keiluhindranafleti er, þrátt fyrir framangreint, heimilt að gera ráð fyrir og reisa byggingar með hámarkshæð allt að 18m upp fyrir óhreyft land. Ef hæð lóðar er mismunandi skal miðað við óhreyft land í hæsta punkti lóðar. Gert er ráð fyrir að slík/ - ar byggingar séu hindranalýstar. Séu fleiri en ein bygging sem þannig háttar til um á sama svæði skal hæsta bygging á svæðinu vera með hindranalýsingu. Flugmálastjórn getur krafist lýsingar á fleiri byggingar telji hún staðsetningu þeirra varða flugöryggi. Þegar svæði sem þessi eru skipulögð eða þegar ætlunin er að veita byggingarleyfi á slíkum svæðum án þess að fyrir liggi skipulag eða á grundvelli skipulags þar sem ekki hefur verið tekið tillit til þessara reglna, skal þó ávallt leita umsagnar rekstraraðila flugvallarins. Sé umsögn rekstraraðila flugvallarins neikvæð skal hann beina erindinu til afgreiðslu Flugmálastjórnar.

Hindranafletir skiptast í eftirfarandi flokka:

Aðflugsfletir:

Hallandi fletir út frá flugbrautarenda. Upphafsbreidd 300 m sem byrjar 60 metrum frá brautarenda og gleikkar út um 15% (1:6,67). Halli flatarins er 2% (1:50) fyrstu 3.000 metrana síðan 2,5% (1:40) næstu 3.600 m, síðan kemur láréttur flötur sem nær 8.000 m. Samtals er flöturinn 15.000 m langur.

Flugtaksfletir:

Hallandi fletir út frá flugbrautarenda. Upphafsbreidd 180 m sem byrjar 60 metrum frá brautarenda og gleikkar út um 12,5% (1:8) þar til breidd hans er orðin 1.200 m þá eykst breiddin ekki frekar, heildarlengd flatarins er 15.000 m. Halli flatarins er 2,0 % (1:50)

Skáfletir:

Liggja út frá öryggissvæðum til hliðar við brautir og enda við aðflugsfleti, halli 14,3 % (1:7) frá brún öryggissvæðis og upp að láréttafletinum

Lárétt svæði:

Svæði 47,18 m.y.s. sem nær í 4.000 m ríðius út frá brautarendum og til hliðar við flugbrautir.

Keiluflötur:

Hallandi flötur, 5% (1:20), upp frá útbrún lárétta svæðisins og nær 100 m upp fyrir hann.



#### **D. Svæði/loftrými með banni eða takmörkunum á notkun sýnilegra lasergeisla eða sambærilegra ljósa.**

Af öryggisástæðum eru á uppdrætti nr. IV skilgreind 3 svæði/loftrými á og í nágrenni flugvallarins með reglum um notkun sýnilegra lasergeisla eða sambærilegra ljósa, í samræmi við reglur í Annex 14:

Svæði/loftrými án lasergeisla og sambærilegra ljósa (LFFZ):

Svæði/loftrými næst flugvællinum, upp í 600 m hæð, sem nær 3700 m frá miðju flugbrauta og brautarendum, auk svæða í framhaldi af öllum flugbrautum sem eru í notkun, 5600 m langt og 750 m breitt til hvorrar handar, frá miðlínu flugbrauta, eins og nánar er sýnt á uppdrætti IV.

Innan þessa svæðis er bannað að nota laserljós eða sambærileg ljós sem geta valdið truflun á útsýni/sjónsviði flugmanna/flugstjórnenda. Ljós magn slíkra ljósa innan svæðisins má ekki vera hærra en 50 nW/cm<sup>2</sup> nema gerðar séu sérstakar ráðstafanir til að tryggja að ljósið trufla ekki flugumferð. Flugvallaryfirvöldum er heimilt að veita leyfi til að nota slík ljós á þeim hluta svæðisins sem er í framhaldi af flugbrautunum, undir aðflugsgæira (þ.e. innan svæðisins sem er 5600 m í framhaldi af flugbrautunum). Aðflugsgæirinn hallar í 1/50 frá flugbrautarþröskuldi og upp.

Svæði/loftrými sem viðkvæmt er fyrir notkun lasergeisla eða sambærilegra ljósa (LCFZ):

Svæði/loftrými sem nær í 18500m radíus frá viðmiðunarpunkti flugvallarins (ARP) og upp í og með 3000 m hæð, eins og nánar er sýnt á uppdrætti.

Innan þessa svæðis má ljósmagn lasergeisla eða sambærilegra ljósa ekki vera hærra en 5 µW/cm<sup>2</sup> nema gerðar séu ráðstafanir til að tryggja að ljósið trufla ekki flugumferð.

Svæði/loftrými sem er næmt er fyrir lasergeislum eða sambærilegum ljósum (LSFZ):

Svæði/loftrými sem nær í 25000 m radíus frá viðmiðunarpunkti flugvallarins (ARP) og upp í og með 10500 m hæð, eins og nánar er sýnt á uppdrætti.

Innan þessa svæðis má ljósmagn lasergeisla eða sambærilegra ljósa ekki vera hærra en 100 µW/cm<sup>2</sup> nema gerðar séu ráðstafanir til að tryggja að ljósið trufla ekki flugumferð.

Auk framangreindra takmarkana er ávallt bannað að beina lasergeisla eða sambærilegu ljósi í átt að loftfari innan framangreindra svæða. Aðili sem hyggur á notkun lasergeisla eða sambærilegra ljósa, innan svæðis sem skilgreint er sem svæði/loftrými án lasergeisla og sambærilegra ljósa (LFFZ) eða svæði sem skilgreint er hér að framan sem svæði/loftrými sem viðkvæmt er fyrir notkun lasergeisla eða sambærilegra ljósa (LCFZ), getur sótt um leyfi til notkunar slíkra lasergeisla eða ljósa til flugvallarstjóra. Ákvarðanir, þar sem synjað er um slíkt leyfi eða sett ef sett eru íþyngjandi skilyrði fyrir slíku leyfi, má bera undir Flugmálastjórn Íslands sem tekur endanlega ákvörðun í málinu.

**Eftirfylgni:**

Reynist það nauðsynlegt skal flugvallarstjóri, fyrir hönd rekstraraðila flugvallarins, á grundvelli laga nr. 102 frá 2006 sbr. 9. gr. laganna, framfylgja og bregðast við brotum á reglum þessum og vísa málum til réttbærra yfirvalda í samræmi við reglur þessar og heimildir skv. VII. og XIII. kafla um loftferðir nr. 60 frá 1998, einkum 61. gr. og 136. gr. (Flugmálastjórn Íslands eða lögreglu).

Reglur þessa voru auglýstar til kynningar og samhliða athugasemdafresti frá

\_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_ 2011.

Innanríkisráðherra samþykkti reglur þessar með undirskrift sinni þann

\_\_\_\_\_ 2011.

\_\_\_\_\_

Auglýsing um gildistöku reglna þessara birtist í Lögbirtingablaðinu þann

\_\_\_\_\_ 2011 og öðluðust þær gildi þann dag.